

A man and a woman are shown from the back, hugging each other in a field of tall, golden-brown grass. The man is wearing a red beanie and a grey cord jacket, while the woman is wearing a grey beanie and a grey sweater. The background is a soft-focus landscape with rolling hills under a warm, hazy sky.

HANS HANSEN

KLÁS, LENA, LÍNA OG...



HANS HANSEN

KLÁS, LENA, LÍNA OG...

 **SAGA**
EGMONT

Hans Hansen

Klás, Lena, Lína og ...

SAGA Egmont

Klás, Lena, Lína og ...

Margrét Aðalsteinsdóttir

Claus og Lene og Nina og ...

Copyright © 1978, 2020 Hans Hansen and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726629521

1. e-book edition, 2020

Format: EPUB 3.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont www.saga-books.com – a part of Egmont,
www.egmont.com

1. Þessínína!

Klás átti erfitt með að vakna. Sólargeislarnir smugu milli gluggatjaldanna, léku við augnlokin og leiftruðu í draumi hans einsog litlar stjörnur sem hröpuðu með löngum ljóshala. Hann var enn á valdi svefnsins og einsog í fjarlægð heyrði hann smáhrotur koma úr eigin nefi. Lena brosti til hans og koddinn undir hnakkanum vaggjaði blíðlega og þægilega. Svo var hún horfin og hann klæjaði í kinnina. Milli svefns og vöku hringsóluðu orðin: þig klæjar í kinnina, þig klæjar í kinnina... svo komst á samband, hendin kom undan heitri sænginni og neglurnar klóruðu kinnina svo það söng í höfðinu.

Hann lá og horfði uppí loft og fann góminn á vísifingri verða blautan og klístrugan og þegar hann sleikti hann fann hann blóðbragð.

Þetta helvítis vormý! Nú var hann búinn að klóra sig til blóðs þarsem hann hafði verið bitinn. Járnmettað bragðið barst með tungunni um munninn, svo kyngdi hann munnvatninu og vaknaði.

Hann hafði dreymt Lenu. Hann mundi ekkert nema andlit hennar og höndina sem strauk hárið frá enninu. Hún hafði brosað. Djöfullinn að muna ekki meira! Það var þetta venjulega, þegar hann kipraði augun saman og hrukkaði ennið og rótaði uppí minningunum var þar ekkert að finna nema myrkur og flöktandi ljósdepla.

Hann gat alveg eins farið á fætur fyrst minnið var svona lélegt. Svo var honum ferlega mál að pissa og hann fann hvernig vökvinn þrýsti á blöðruna.

Hann hvíldi ennið við súðina meðan bunan féll fjörlega í klósettið og hann beygði sig í hnjánunum. Það var dýrlegt að pissa á morgnana.

Dýrðlegt, dýrðlegt! Hann endurtók þetta með sjálfum sér og neri höfðinu taktfast við vegginn svo það brakaði í hárinu. Hann hristi síðasta dropann og skammaðist sín fyrir að standa þarna og tauta svona vitleysu.

Hann vissi vel að hann var einn heima. Foreldrar hans voru í vinnunni og systurnar í skólanum. Það vakti hann enginn því hann var í upplestrarfríi. Þeir sem verða að brjóta heilann baki brotnu í fjögurra tíma stærðfræðiprófi eiga rétt á að sofa frammeftir.

Hann gleymdi næstum að fara úr nærbuxunum áðuren hann skrúfaði frá sturtunni.,,Það er nú meiri sóðaskapurinn að sofa í nærbuxum," sagði mamma hans alltaf þegar hún komst að því að hann gerði það, en hann þoldi ekki að finna kalt lakið snerta beran rassinn, svo hann svaf oft í þeim. En þá var sú hætta fyrir hendi að fara í þeim í sturtu.

Hann lét vatnið streyma beint á kollinn svo hárið límdist við eyrun og ennið. Í stríðum straumi skolaðist morgundoðinn af honum. Niður bakið, rasskinnarnar, lærin, fótleggina, vafðist um fætur hans og hvarf með soghljóðum gegnum niðurfallið.

Hann þurrkaði sig flausturslega, gekk með handklæði um sig miðjan frammí forstofu og skildi vatnsslóðann eftir sig á kókósteppinu. Hann nam staðar fyrir framan stóra spegilinn og horfði á sjálfan sig. Stórglæsilegur náungi, sagði hann og dró magann inn og þandi út brjóstkassann. Hann lyfti annarri augnabráuninni og brosti vingjarnlega. Spegillinn hermdi hverja hreyfingu hans, svo lét hann handklæðið falla og sneri sér til að sjá sig á hlið. Ekki síður myndarlegur frá þessu sjónarhorni, sagði hann.

Tillinn blasti við fallega bogadreginn. Hann lyfti undir hann með einum fingri svo hann stóð beint út og hugsaði

með sjálfum sér að hann væri ágætlega langur undir flestum kringumstæðum.

Þá var dyrabjöllunni hringt.

Klás hrasaði um handklæðið og þröskuldinn, smeygði sér í nærbuxurnar og aftur hringdi bjallan áður en hann gat stungið nefinu útum gættina.

Það var Jörgen.

„Djöfullinn!" sagði Klás. „Bára þú."

„Hver annar?" sagði Jörgen og óð inn á stórum stígvélum með plastpoka yfir axlirnar. „Héltu kannski að þetta væri Nína?"

„Ha?"

„Alltí lagi," sagði Jörgen. „Þykist ekkert skilja."

„Afhverju ætti hún að koma?"

„Hún er ekkert að koma, Klás klaufi!" Jörgen lét pokann falla á gólfið og virti fyrir sér blautu fótsporin á teppinu.

„Ertu að leika þér að rekja slóð?" spurði hann.

„Þú liggur á bjöllunni svo maður verður að þjóta undan sturtunni," svaraði Klás.

Jörgen kippti upp erminni og leit á klukkuna. Hann kom á eftir Klás inni herbergið.

„Hefurðu gert þér grein fyrir að klukkan er orðin ellefu?"

Klás smeygði sér í bláan bol.

„Ég var að reikna til klukkan tvö í nótt," sagði hann. „Svo maður má kannski sofa út?"

Jörgen lét sig falla niðrí stól og geispaði ferlega.

„Stærðfræðin er það viðbjóðslegasta sem fyrirfinnst norðan Alpafjalla."

Klás yppti öxlum. Hann var ekkert sérstaklega á móti stærðfræði þótt honum þætti skemmtilegra að skrifa ritgerð. Honum féllu betur orð en tölur. Dæmi átti bara að reikna rétt en maður réði sjálfur hvernig maður raðaði orðunum saman og hverju maður sagði frá.

„Hvað áttirðu við með þessu um Nínu?"

„Forget it!"

„Hvað áttirðu við?"

„Þú ert með gat á rassinum," sagði Jörgen þegar Klás var kominn í gallabuxurnar. Hann þreifaði á rassinum en fann ekkert. Jörgen hló.

„Fyrir innan buxurnar einsog allir aðrir!"

Klás hristi höfuðið og dæsti. Hann þekkti engan nema Jörgen sem sagði hallærisbrandara frá morgni til kvölds. Jörgen varð dálítið skömmustulegur.

„Alltí lagi," sagði hann. „Þessi var kannski dálítið úldinn."

„Ætli það ekki! Hvað áttirðu við með þessu um Nínu?"

Hann vissi vel hvað Jörgen var að meina. Þau höfðu verið á skólaskemmtun og Klás hafði dansað marga dansa við Nínu og hann hafði líka fylgt henni heim. Jörgen hafði gengið með þeim smáspöl, leitt hallærislegt hjólið og sagt enn hallærislegri brandara. Loksins hoppaði hann á bak og flautaði hátt þegar hann beygði útá akbrautina og sveigði fyrir næsta horn.

Þetta gerðist fyrir tveimur vikum og síðan hafði ekkert gerst meir. Þau stóðu smástund fyrir utan hjá henni og töluðu saman, svo hjólaði Klás heim og síðan höfðu þau ekki hist.

„Ertu kannski hrifinn af henni?" sagði Jörgen.

„Ekki baun. Ég þekki hana varla einsog þú veist!"

Daginn eftir hafði Jörgen auðvitað verið að drepast úr forvitni og ímyndað sér sitt af hverju. Klás hafði sagt honum að hann hefði ansi frjótt ímyndunarafli. Hann þekkti þessa Nínu eiginlega ekkert og þar að auki væri hún dálítið skrítin!

„Alltí lagi," sagði Jörgen og hagræddi sér í stólnum. „Þá segjum við það, en hún er nú samt dálítið sæt."

Satt að segja fannst Klás það líka, en Jörgen kom það bara alls ekkert við og Klás var ennþá ástfanginn af Lenu